

Ársskýrsla Fríðuhúss fyrir árið 2012

Starfsemin

Í Fríðuhúsi hefur faglega starfið þetta árið gengið vel þrátt fyrir erfiða fjárhagslega stöðu sem hangir yfir okkur og oft þrúgandi að vinna við slíkar aðstæður.

Unnið hefur verið eftir markmiðum dagþjálfunar Fríðuhús og lögð sérstök áhersla á að taka mið af getu hvers og eins þannig að einstaklingurinn fái að njóta sín og finni fyrir öryggi og vellíðan. Skjólstæðingar og aðstandendur hafa almennt verið mjög ánægðir með þá þjónustu sem þeim hefur verið veitt hér.

Í vor var Sigrún Huld, hjúkrunarfræðingur fengin til að halda námskeið um minningarvinnu fyrir starfsfólk. Almenn ánægja var með hennar framlag og hefur starfsfólk nýtt sér þá fræðslu og stuðning sem það fékk undir hennar leiðsögn.

Samstarf var við eigendur Memaxi sem eru með sérhæfðan hugbúnað til að aðstoða þá einstaklinga sem þurfa á minnishjálpi að halda. Hefur þetta forrit verið notað hér en það sýnir dagskrá og þá viðburð sem eru á hverjum degi fyrir sig og auðveldar þannig skjólstæðingunum að geta fylgst með. Þetta er hugsað til að þeir venjist og aðlagist þessu hér og geti þá notað þetta heima sér til stuðnings.

Í haust fór allt starfsfólk í starfs – og skemmtiferð til Hollands til að skoða starfsemi og þjónustu við fólk með heilabilun þar í landi. Ferðin var farin með starfsfólki Maríuhúss og Drafnarhúss. Eitt af því sem við heilluðumst af var svokallað Alzheimerkaffi en það eru kaffihúsakvöld með fræðslu og stuðning fyrir þá sem eru með heilabilunarsjúkdóm og aðstandendur þeirra sem og aðra sem áhuga hafa á málefnum. Þegar heim var komið tóku nokkrir sjálfboðaliðar sig saman úr húsunum þremur og settu á laggirnar slíkt kaffihús og kallar hópurinn sig Gleym mér ei hópin. Fyrsta kaffihúsakvöldið var í desember í Fríðuhúsi og mættu um 60 manns. Í sjálfboðaliðahópnum eru 4 starfsmenn úr Fríðuhúsi og er áætlað að hafa slík kaffihúsakvöld x 1 í mánuði fram á vor og taka síðan ákvörðun um framhaldið.

Í maí var hætt að elda mat hér á staðnum og fenginn aðsendur matur frá Matborðinu. Almenn ánægja hefur verið með það en þó hefur verið haldið áfram að baka með miðdegiskaffinu hér á staðnum.

Í maí var einnig byrjað á að fá þjónustu frá hreingerningarfyrtæki við að ræsta á staðnum. Til að byrja með var ræst einu sinni í viku en það gekk ekki og hefur verið ræstað x 2 í viku frá nóvemberbyrjun.

Húsnæði

Dagþjálfunin leigir húsnæðið hér við Austurbrún af FAAS. Kominn er tími á viðgerðir utanhúss sem FAAS þarf að bera kostnað af. Unnið var að sprunguviðgerðum í haust en kominn var smá leki inn í eitt herbergjanna. Stefnt er að frekari viðhaldi utanhúss árið 2013 af hálfu FAAS.

Innanhúss þyrfti að bæta vinnuástöðu í þvottahúsi og breyta í leikfimisherberginu en við höfum sett það á bið á s.l. ári meðan við sjáum hvernig staða hússins er og hvernig málin þróast varðandi áframhaldandi rekstur.

Starfsmenn

Í Fríðuhúsi vinnur góður og samstilltur starfmannahópur og ríkir hér góður starfsandi. Í desember fengu 4 af þeim 6 starfsmönnum sem hér starfa viðurkenningu fyrir að hafa unnið í 5 ár eða lengur og einn starfsmaður viðurkenningu fyrir að hafa unnið í 10 ár eða lengur.

Hér vinnur nú í árslok 1. hjúkrunarfræðingur í 100% vinnu (1 stöðugildi) sem sinnir bæði forstöðumanna- og hjúkrunafræðingsstarfinu. 2 sjúkraliðar í samanlagt 180% starfi (1,8 stöðugildi) og þrír ófaglærðir starfsmenn í 220 % starfi (2,2 stöðugildi).

Matráðurinn sagði upp störfum í maí og í framhaldi af því var ákveðið að panta mat frá Matborðinu og því ekki ráðið fyrir hana. Þar með fækkaði stöðugildum hússins úr 5,5 stöðugildum í 5,0.

Starfsmanni í ræstingum var sagt upp í ársbyrjun þegar búíð var að ákveða að kaupa þjónustu frá hreingerningarfyrirtæki.

Einn sumarafleyingarstarfsmaður kom að leysa af í sumar og var þetta fjórða sumarið hennar hér.

Eitt sem vekur athygli varðandi starfsmannahópin er að á árinu 2012 þá voru engar veikindafjarvistir hjá 4 af 6 starfsmönnum hússins allt árið og sumarafleysarinn var heldur aldrei frá allt sumarið vegna veikinda en þetta held ég að sé frekar fátítt nú til dags.

Læknisþjónusta

Læknisþjónustu fyrir skjólstaðinganna hefur verið sinnt frá Landakoti og hefur Björn Einarsson, öldrunarlæknir séð um hana en Jón Snædal leyst hann af í fríum.

Akstursþjónusta

Ferðaþjónusta Þórunnar hefur séð um akstur skjólstaðinga til okkar. Flestir nýta sér þessa þjónustu en þó keyra sumir aðstandendur sína hingað og einn kemur fótgangandi.

Nemar

Fimm hjúkrunarfræðinemar af þriðja ári í hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands komu hingað í verknám á vorönn. Einn nemi kom í vettvangsnám af tólmstunda- og félagsmálafræðibraut HÍ. Einnig komu 10 nemar (í tveimur hópum) af félagsliðabraut frá Borgarholtsskóla í kynningu. Töluvert hefur einnig verið um heimsóknir fagfólks frá hinum ýmsu stöðum til að kynna sér starfsemina hér.

Gjafir og stuðningur

Á árinu bárust okkur nokkrar góðar gjafir frá velunnurum Fríðuhúss.

Velviljað fyrirtæki hér í bæ sem ekki vill láta nafn síns getið, gaf flatskjá sem notaður er við að gera Memaxi forritið sýnilegt skjólstæðingum.

Júlianna Ingvarsdóttir sem var aðstandandi hér gaf Fríðuhúsi 300.000 þúsund krónur.

Guðmundur Björgvinsson og sonur hans hjóluðu í tengslum við Reykjavíkumaraþonið og söfnuðust 75.500 kr sem þeir gáfu Fríðuhúsi

Mæðgur þrjár sem eru í aðstandendur hér hlupu í Reykjavíkumaraþoninu og söfnuðu áheitum til Fríðuhúss upp á 142.080

Einn aðstandandi sem ekki vill láta nafns síns getið kom og færði starfseminni peningagjöf upp á 1.000000 kr. Að ósk gefandans fór 200.000 kr í endurmenntunarferð starfsfólks Til Hollands.

Hreyfing á skjólstæðingum

Á árinu 2012 útskrifuðust 7 einstaklingar héðan úr Fríðuhúsi. Nú í lok árs 2012 eru 19 einstaklingar innskrifaðir, 7 karlmenn og 12 konur. Af þeim eru 14 alla daga vikunnar, einn einstaklingur fjóra daga, einn einstaklingur þrjá daga, einn einstaklingur er 2 daga í viku og 2 einstaklingar koma einn dag í viku.

Af þessum 19 einstaklingum sem eru innskrifaðir í lok árs 2012 hefur einn verið síðan 2007, tveir síðan 2008, tveir síðan 2009, þrír síðan 2010, fimm síðan 2011 og 6 einstaklingar innrituðust 2012.

Sjá meðfylgjandi fylgiskjöl:

- Aldursdreifing skjólstæðinga í Fríðuhúsi í lok hvers árs
- Tölulegar upplýsingar úr Fríðuhúsi